

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 4. nóvember 2021
UST202101-409/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þrýstiprófanir á fjórum lögnum Olíudreifingar ehf. nr. 740.70.00, 740.76.00, 740.60.00 og 740.62.00, í birgðastöðinni á Neskaupstað.

Umhverfisstofnun bárust þann 1. júlí sl. niðurstöður þrýstiprófunar á fjórum eldsneytislögnum í olíubirgðastöðinni á Neskaupstað. Lagnirnar eru DMA lagnir og voru prófaðar eftir færslu þeirra, annars vegar 740.60.00 6“ og 740.62.00 4“ sem eru samtengdar og hins vegar 740.70.00 6“ og 740.76.00 4“ sem eru samtengdar

Teknis ehf. sá um prófun lagnanna. Prófunin fór fram þann 9.-10. júní 2021. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, yfir 12 bör og prófað í tæpar tvær klst. Prófað var með vatni. Þrýstingsbreytingar voru skráðar á um 15 mínútna fresti. Veður var gott á meðan prófun stóð.

Meðfylgjandi eru samantektarblöð um prófanir. **Lögnin stóðst prófanirnar.**

Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á lögnum. Þrýstiprófa skal að lágmarki á fimm ára fresti.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri